



Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hveragerði

1.gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Hveragerði er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Hveragerðis ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Hveragerði sem búa í eigin íbúð og:

- eru 67 ára á árinu eða eldri
- hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.
- hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.
- hafa ekki fullvinnandi einstakling / einstaklinga aðra en maka búsetta á heimilinu. Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3.gr .

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur er tekjutengdur. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfélks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2025 (tekjur 2024) eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Niðurfelling
Allt að 5.279.000.....	100%
Milli 5.279.001 – 6.163.000.....	75%
Milli 6.163.001 – 7.038.000.....	50%
Milli 7.038.001 – 7.921.000.....	25%

Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 7.492.000.....	100%
Milli 7.492.001 – 9.137.000.....	75%
Milli 9.137.001 – 10.346.000.....	50%
Milli 10.346.001 – 12.175.000.....	25%

5. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs. Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum.

6. gr.

Afsláttur samkvæmt 4. gr. til ellilífeyrisþega skal reikna við álagningu og er byggður á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjur. Afslátturinn er birtur á álagningarseðli.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt samkvæmt 4. grein gegn framvísun örorkuskírteinis og skattskýrslu.